

með það vegna fyrri afskipta bæjarfógetans á Akureyri af því. Ekki krafðist lögmaðurinn þess, að skiptaráðandi viki sæti.

Það athugist, að skiptaráðandi þessa máls hefur farið með það þann tíma, sem málið hefur verið til meðferðar í skiptarétti, og hafði hann engin afskipti af málinu áður.

**Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá skiptarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. júní 1973.

Nr. 85/1973: **Guðmundur Snorrason**  
 gegn  
**Guðmundi Hj. Ákasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar:**

Jakob J. Havsteen, fulltrúi sýslumanns í Árnassýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1973, er barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að „ómerktur“ verði hinn kærði úrskurður „um tryggingu og niðurfellingu málskostnaðar og að fógetagerðin nái fram að ganga og“ honum verði „tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum.“

Varnaraðili krefst þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3, a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Það athugast, að kæra þessi er að ófyrirsynju..

### D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Guðmundur Snorrason, greiði varnaraðilja, Guðmundi Hj. Ákasyni, kærumálskostnað, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fúgetadóms Árnassýslu 19. maí 1973.

Ár 1973, laugardaginn 19. maí, var í fúgetarétti Árnassýslu, sem háður var í skrifstofu embættisins á Selfossi, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-1/1973: Guðmundur Snorrason gegn Guðmundi Hj. Ákasyni, sem tekið var til úrskurðar 18. þ. m.

Gerðarbeiðandi, Guðmundur Snorrason, hefur krafizt þess, að honum verði með beinni fúgetagerð fengin umráð muna þeirra, er hann keypti á uppboðum höldnum á Selfossi 22. júlí 1971 og 3. marz 1972, en munir þessir eru geymdir í húsnæði gerðarþola.

Gerðarþoli, Guðmundur Hj. Ákason, hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, nema hann fái greidda leigu fyrir húsnæði það, sem munirnir eru í, auk 7% ársvaxta frá gjalddögum til greiðsludags, en hann telur sig eiga haldsrétt í mununum til tryggingar leigunni.

Munir þeir, sem hér um ræðir, voru eign Borgarblikksmiðjunnar h/f, sem um tíma starfaði á Selfossi, en fyrirtæki þetta hafði á leigu húsnæði gerðarþola að Eyrarvegi 31—33, Selfossi. Voru umræddir munir þar, er þeir voru seldir, og hafa verið síðan.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að gerðarbeiðandi sé eigandi muna þeirra, er hann krefst, að verði afhentir sér, né heldur, að húsnæði það, sem munirnir hafa verið geymdir í, sé eign gerðarþola.

Gerðarþoli hefur krafizt þess að fá greidda húsaleigu, kr. 10.000.00 á mánuði, frá 1. janúar 1971 til og með marz 1973, eða í 27 mánuði.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt kröfu gerðarþola til húsaleigu með því, að leigusamningur hafi aldrei verið gerður milli hans og gerðarþola. Enn fremur heldur gerðarbeiðandi því fram, að

ekkert það réttarsamband sé milli þeirra gerðarpóla, er réttlætt geti haldsréttarkröfu gerðarpóla.

Þá hefur gerðarbeiðandi bent á, að húsaleigukrafa gerðarpóla beinist að hluta gegn Borgarblikksmiðjunni h/f, en sú krafa sé sér óviðkomandi.

Svo sem áður greinir, er ekki um það deilt, að gerðarbeiðandi sé réttur eigandi muna þeirra, er hér um ræðir, og ber því að taka til greina kröfu hans um að fá þá afhenta.

Um kröfur gerðarpóla til húsaleigu og haldsréttar verður ekki fjallað í þessu máli, en með tilliti til þess, að líklegt er, að greindir munir verði fluttir úr umdæminu, gerðarbeiðandi er ekki búsettur hér og á hér engar eignir aðrar, svo vitað sé, þá verður að telja eðlilegt, svo sem máli þessu er háttað, að gera gerðarbeiðanda að setja tryggingu fyrir húsaleigukröfu gerðarpóla frá 22. júlí 1971 að telja, en ekki hefur verið sýnt fram á, að gerðarbeiðandi beri á nokkurn hátt ábyrgð á kröfum gerðarpóla til húsaleigu fyrir þann tíma.

Gerðarþoli hefur krafizt kr. 10.000.00 á mánuði í húsaleigu, en þeirri upphæð hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, og verður því við hana miðað hér.

Samkvæmt framanskráðu ber að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu gegn því, að hann setji tryggingu fyrir kröfu gerðarpóla til húsaleigu, og þykir sú trygging hæfilega ákveðin kr. 200.000.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn niður falla.

#### Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ná fram að ganga gegn tryggingu að fjárhæð kr. 200.000.00.

Málskostnaður fellur niður.

---